



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**110. fundur svæðisskipulagsnefndar  
var haldinn í Reykjavík, Borgartúni 12-14, fundarherberginu Hofi/Vindheimar,  
föstudaginn 14. október 2022  
og hófst hann kl. 13:30.**

**Fundinn sátu:**

Aldís Stefánsdóttir, Ásgeir Sveinsson, Björg Fenger, Elís Guðmundsson, Helga Jónsdóttir, Hildur Björnsdóttir, Hjördís Ýr Johnson, Ingvar Arnarson, Karen María Jónsdóttir, Orri Björnsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Lovísa Björg Traustadóttir, Stefán Már Gunnlaugsson, Svana Helen Björnsdóttir, Pawel Bartoszek og Jón Kjartan Ágústsson.

**Fundargerð ritaði:** Jón Kjartan Ágústsson, svæðisskipulagsstjóri

**Dagskrá:**

Pawel Bartoszek setti fund og stýrði umræðum.

**1. Störf svæðisskipulagsnefndar - 2003003**

Ofangreint mál var tekið fyrir á 108. og 109. fundi nefndarinnar. Á 109. fundi var efirfarandi niðurstaða skráð í fundargerð: „Formanni og svæðisskipulagsstjóra falið að vinna úr framkomnum athugasemdum á milli funda“.

Fyrirliggjandi til samþykktar er tillaga að áherslum svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins á kjörtímabilinu 2022-2026.

*Sent aðildarsveitarfélögum til upplýsingar.*

*Samþykkt*

**2. Svæðisskipulag - breyting á vaxtamörkum - Rjúpnahlíð - Garðabær - 2208011**

Fyrirliggjandi er tillaga að lýsingu fyrir breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2015 - 2040 dags. október 2022. Breytingin varðar færslu á vaxtamörkum svæðisskipulags við Rjúpnahlíð í Garðabæ þar sem ætlun er að skipuleggja nýtt athafnasvæði fyrir plássfreka starfsemi, ásamt því að færa hesthúsahverfi á Kjóavöllum innan vaxtamarka. Breytingin er hluti af innleiðingu Garðabæjar á stefnumörkun svæðisskipulags. Unnið er að uppbyggingu þéttar blandaðrar byggðar með endurnýtingu athafnasvæða í grennd við miðbæ og uppbyggingin þéttar byggðar við biðstöðvar Borgarlínu, sem liggja mun um Hafnarfjarðarveg. Ætlun er er að mæta þessari þróun með nýjum lóðum fyrir atvinnufyrirtæki s.s. verkstæði, smáidnað og ýmiss plássfrek, fyrirtæki.

*Svæðisskipulagsnefnd samþykkir fyrirliggjandi lýsingu að breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2015 - 2040. Lýsingin verði send aðildarsveitarfélögum til afgreiðslu sbr. 1. mgr.23. gr. skipulagslaga. Þá verði hún sérstaklega kynnt þeim sveitarfélögum sem þess óska. Leita skal umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum.*



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

*Samþykkt*

**3. Samgöngu- og þróunarás Garðabæjar - Þróunarsvæði A og Hafnarfjarðarvegur - 2209013**

Fyrirliggjandi er bréf verkefnastjóra tæknideildar Garðabæjar dags. 28.9.22 þar sem óskað er umsagnar vegna ofangreinds. Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt skipulags- og matslýsingu fyrir gerð rammahluta aðalskipulags Garðabæjar og deiliskipulagsáætlanir fyrir þróunarsvæði A, skv. aðalskipulagi Garðabæjar, ásamt Hafnarfjarðarvegi milli bæjarmarka, skv. 30. gr. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Innan skipulagssvæðisins er Hafnarfjarðarvegur ásamt tengingum við Arnarnesveg, Vífilsstaðaveg og Álftanesveg. Viðfangsefni skipulagsvinnunnar er m.a. að skilgreina nánar legu Borgarlínu og staðsetningu Borgarlínustöðva eftir Hafnarfjarðarvegi, fyrirkomulag þess hluta Hafnarfjarðarvegjar sem fer í stökk, og uppbyggingu og þéttleika í nýjum bæjarkjarna og nálægum uppbyggingarsvæðum. Hægt er að skila inn ábendingum vegna lýsingarinnar til og með 25. október 2022.

*Vísad til umsagnar svæðisskipulagsstjóra.*

**4. Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð -Kynning á lýsingu skipulagsverkefnis - 2210001**

Fyrirliggjandi er bréf skipulagsfulltrúa Kópavogs vegna ofangreinds. Á 107. fundi nefndarinnar dags. 29.4.2022 var eftirfarandi niðurstaða skráð í fundargerð vegna auglýsingar að nýju deiliskipulagi Vatnsendahvarfs-Vatnsendahæðar: ekki gerðar athugasemdir.

Nú liggur fyrir lýsing að aðalskipulagsbreytingu. Á kynningartíma deiliskipulags komu fram ábendingar og umsagnir sem hafa haft áhrif á útfærslu deiliskipulags tillögunnar sem kalla á breytingar á aðalskipulagi.

*Ekki gerðar athugasemdir*

**5. Græni stígurinn og skógræktarleyfi - Ályktun frá Skógræktarfélagi Íslands - 1701003**

Fyrirliggjandi eru bréf Skógræktarfélags Íslands dags. 21. sept 2022 og 22. sept 2022 með ályktunum vegna ofangreinds.

*Lagt til að umræða um stíga og græna trefilinn fari fram á næsta fundi nefndarinnar.*

*Lagt fram til kynningar*

**6. Svæðisskipulagsnefnd fundir nefndarinnar - 2003003**

Ákveðið hefur verið að halda aðalfund SSH og ársfund byggðasamlaganna 18. nóvember næstkomandi. Fundurinn lendir á sama tíma og 111. fundur svæðisskipulagsnefndar og leggur svæðisskipulagsstjóri því til að fundur nefndarinnar verði haldinn viku fyrr, 11. nóvember 2022.

*Samþykkt*



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:30.**